

# Pési



## Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Aðalfundur
- Leyndardómar

Næsti Pési kemur út .13. mars 2014

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 10.mars.

## Efni í þessu blaði:

Förstugrein	2
Reiðhöllin	4
Góugleði	5
Hjónaball	7
Smárafréttir	10
Leiksyning	13
Leikskólinn	14

Febrúar 2014  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>

24. árgangur. 279. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



B Ó K A S A F N



## Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafnið er opið:

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Þriðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikudaga Kl. 16-18**

**Fimmtudaga Kl. 16-18**

Munið skilalúguna! ☺

**Verið hjartanlega velkomin.**



Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>


## Sveitarstjórapistill

Febrúar er kominn á sinn stað og eins og þeim mánuði er von og vísa þá er farið að birta til og sól farin að hækka á lofti. Almennt séð sýnist manni að engin ástæða sé til annars en það sé þokkalega hjart yfir öllu samfélaginu í Hreppnum góða. Árlegt þorrablót Kvenfélagsins tókst vel og var Eyvindi og Höllu gerð góð skil og var það ágætis hugmynd að hafa þau sem þema blótsins. Síðan fer trúlega fljótlega að skýrast með dagskrá afmælisárs Eyvindar en svo mikið veit ég að von er að um miðjan mars verði fluttur einþáttungur um karlinn hér á Flúðum.

Það var gaman að sjá hvað margir mættu á íbúafund um skipulagsmál á Flúðum þar sem aðalmálið var kynning að drögum að nýju miðbæjarskipulagi Flúða. Okkur sýnist miðað við viðbrögð að við séum á réttri leið með skipulagið og það er mjög spennandi verkefni að reyna klára þetta með sóma. Það eru svo mörg verkefni sem tengjast því að þetta sé allt klárt, bæði samgöngubætur á gatnamótunum við búðina og önnur verkefni tengd stofnanauppbyggingu sveitarfélagsins. Síðan er einnig mikivægt að klára skipulag sem kennt er við Lambatanga til að huga að frekari uppbygginu á Heimalandsreitnum og einnig skipulag í vesturbænum sem kennt er við Smiðjustíg. Þar eru einmitt hugmyndir um að reyna að koma því við að hægt verði að byggja minni íbúðir í formi þar eða raðhúsa og skoða hvort hægt verði að byggja eitt 4 íbúða hús á tveim hæðum. Þetta er mikilvægt því það er skortur á húsnæði á Flúðum og okkur vantar fjölbreyttari íbúðarmöguleika.

Um áramótin var skrifað undir samstarfssamning við UMFH um styrk og stuðning við æskulýðs- og íþróttastarf og var löngu kominn tími á það að festa þetta farsæla samstarf í samning. Þau nýmæli eru í þessum samningi að sveitarfélagið leggur félaginu til beint peningalegt framlag til að efla barnastarfið og einnig til að gera UMFH kleyft að ráða starfsmann í hlutastarf til að hjálpa deildum félagsins vegna innra starfsbókhald o.fl. Þetta er því til viðbótar þeim styrk sem UMFH hefur haft af endurgjaldslausum afnotum af íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins og verður vonandi til þess að gera gott starf betra.

Þá má nefna að UMFH afsalaði sundlauginni á Flúðum til sveitarfélagsins. Vonandi verður síðan sem fyrst hægt að byggja upp nýja sundlaugaraðstöðu á Flúðum.



Annar samningur var líka kláraður um áramótin og það var framlenging til eins árs á samningi milli Matis og sveitarfélaganna í Uppsveitum um Matarsmiðjuna á Flúðum. Okkur finnst reyndar að heimamenn mættu reyna meira að nýta sér þessa frábæru aðstöðu til nýsköpunar í matvælaframleiðslu og vonandi tekst það. Matis ætlar að fara í sérstakt átak í þessu skyni í kjölfar áætlunar frá norrænu ráðherranefndinni sem Ísland veitir forystu. Bið ég áhugasama að skoða þá möguleika vel og vera í sambandi við Ingunni í Matarsmiðjunni.

Annað skemmtilegt mál sem er að klárast er sameiginleg æskulýðs- og skólafestna fyrir Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Sömu sveitarfélög hafa einnig lagt grunn að sameiginlegri forvarnarstefnu. Það er gaman að geta unnið svona þétt með nágrönnum sínum og á skólanefndin þakkir skyldar fyrir mikla og góða vinnu við stefnurnar. Síðan er verkefnið að hrinda þessum stefnum í framkvæmd að því leyti sem það hefur ekki þegar verið gert.

Dagur leikskólans var þann 6. febrúar s.l. og það var gaman að taka þátt í opnun myndlistarsýningu leikskólabarnanna í Samkaup-Strax. Það er gaman að sjá hvað búðin nýtir sér almennt það tækifæri að gera myndlist hátt undir höfði í húsakynnum sínum og þeim til sóma. Hvet ég alla til að kíkja núna á myndir barnanna og lesa sérstaklega þær skýringar sem þau hafa sett við myndirnar.

Ein ábending til þeirra sem eru með rúlluplast er að halda netum og böndum aðskildum og koma þeim þannig til Tómasar Þóris til eyðingar eða á gámasvæðið. Þá vil ég hvetja alla til að nýta sér flokkunarmöguleika gámasvæðisins og nota blátunnuna til flokkunar. Okkur sýnist hún muni nýtast okkur vel í baráttunni við aukningu á útgjöldum við eyðingu sorps í sveitarfélaginu.

Að lokum vil ég hvetja alla til að nýta sér aðstöðu sveitarfélagsins til líkamsræktar, hvort sem það er í íþróttasal, tækjasal eða sundlaug. Veruleg og ánægjuleg aukning hefur orðið á notkun tækjasals íþróttahússins og er það vel. Einnig vil benda áhugasömum skákmönnum á að nú er komið fljótandi tafl í sundlauginni þannig að upplagt er að skella sér í pottinn og taka eina skák, en þó ekki tefla við páfann.

Höfum það gott saman á þorranum og fram í góu.

Jón G. Valgeirsson  
Sveitarstjóri



**Kaffistofan í Reiðhöllinni** hefur heldur betur tekið stakkaskiptum í vetur. Þeir Þór á Kópsvatni og Gunnar í Túnsbergi ákváðu að ekki gengi að láta þetta rými liggja undir skemmdum og tóku til við að setja upp milliveggi og stúka af klósett og eldhús. Gamlir ofnar fengu yfirhalningu og líta út eins og nýjir, sparslað var í göt, málað og þrifið. Málarinn útvegaði málningu og lagði faglega hönd í verkið. Breytingin er ótrúleg og gaman að sjá hverju er hægt að áorka ennþá í sjálfböðavinnu. Gulli og Kiddi tengdu vatnið svo nú er funhiti þarna uppi.

Þeir félagar Þór og Gunnar hafa aðallega fengið hjálp frá fjölskyldumeðlimum (þó svo fleiri hafi lagt hönd í verkið) og eiga hrós skilið fyrir framtakið. Margt er enn ógert í Reiðhöllinni á Flúðum og ekki til fjármagn til að kaupa vinnu né efni.

Ef einhver vill styrkja framkvæmdir með fjárframlögum (þurfa ekki að vera stórar upphæðir), hafið samband við Helga Kjartansson í Hvammi.



**Fjallaráf**  
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffraeðingur Löggiltur rafverktafi

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

**G**óugleði eldri borgara 22. febrúar!  
Laugardaginn 22. febrúar verður  
Góugleði eldri borgara haldin á Hótel Flúðum.  
Á borð verður borinn þriggja rétta  
hátíðarkvöldverður. Húsið opnar kl. 18.30 og  
borðhald hefst kl. 19.30.

Verð er 5.000 kr./mann.

Tekið er við pöntunum hjá eftirtöldum aðilum:

Björg – 486-6639 Loftur – 486-6715

Anna Matt – 486-6614

Komum saman og skemmtum hvert öðru! - Stjórnin



## **Vatnsleikfimi - FEH**

Vatnsleikfimin hefst aftur mánudaginn 17. febrúar kl.  
14:30 í sundlauginni á  
Flúðum. Kennari er Árni Þór Hilmarsson.  
Allir 60 ára + eru velkomnir. Missið ekki af þessari  
frábæru líkamsrækt.

## **Opið hús**

Opið hús fellur niður í febrúar af óviðráðanlegum  
ástæðum.

Með bestu kveðju,  
stjórnin

# Heyrúlluskeri plast- og netskræleri

Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öflugra tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.




- Sterkur
- Öflugur
- Léttur

## P4 Rapid beiðslisprófið

PROGESTERONE HEAT DETECTION TEST

**P4 Rapid** er eitt fyrsta beiðslisprófið sem nýtir háþróaða tækni til að greina með mjög nákvæmum hætti beiðsli hjá kúm.

- Gefur 98% nákvæmni við að greina beiðsli
- Greinir misheppnaða sæðingu á 19. – 23. degi.
- Hindrar að sætt sé á röngum tíma
- Hindrar sæðingu ef kýr eru með fangi
- Kemur í veg fyrir ranga burðardagsetningu
- Auðveldar greiningu á dulbeiðsli
- Litill tilkostnaður
- Mjög einfalt í notkun
- Eykur framleiðni í fjósinu
- Nauðsynlegt hjálpartæki í básafjósum



**Verð á kassa með  
25 beiðslisprófum**

**Kr. 24.600 m/vsk**

(Verð pr/próf kr. 984,- m/vsk)



Gumbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

# Hjónaball

2014 Laugardaginn

1. mars

Í Félagsheimili Hrunamanna

Ást er . . .



. . . að fara saman á hjónaball.

Húsið opnar kl. 19.30 og hefst skemmtunin stundvíslega  
kl. 20.30.

Bjarni Birgisson sér um hlaðborð hlaðið kræsingum og  
gleðisveitin Stuðlabandið leikur fyrir dansi fram á nótt.

Miðapantanir þurfa að berast í síðasta lagi sunnudaginn  
23. febrúar.

Miðar verða seldir mánudaginn 24. febrúar í Félagsheimilinu  
frá kl. 16-18 og kl. 20-22. Enginn posi verður á staðnum.

Fólk sameinist um 8, 10 eða 12 manna borð sé þess kostur.

18 ára aldurstakmark.

Miðaverð: 7.500 kr.

Nánar auglýst í dreifibréfi.

Leigubíll verður til taks

Sími: 893-1462





28.mars - 6.apríl

## Hvaða leyndardóm vilt þú kynna ?

Framundan er umfangsmikið kynningarátak sem ykkur er boðið að taka þátt í. Ferðaþjónustufyrirtæki, matvælaframleiðendur, félag, fyrirtæki og allir áhugasamir eru hvattir til að vera með. Frábær leið til að koma ykkur á framfæri/kynna ykkar starfsemi.

Utan háannatíma vikuna 28. mars – 6. apríl 2014 stendur SASS – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga ásamt Markaðsstofu Suðurlands fyrir kynningarverkefninu “Leyndardómar Suðurlands”. Markmiðið er að kynna sem mest af Suðurlandi og fá sem flesta gesti til að heimsækja Suðurland.

Megininntakið í áttakinu er Matur – Saga – Menning. Hér er kærkomið tækifæri, til að lengja ferðamannatímabilið og koma öllum leyndardómum Suðurlands á framfæri. Markhópurinn að þessu sinni er Íslendingar og Sunnlendingar sjálfir.

Á Suðurlandi eru mörg leyndarmál, sem eru vel þess virði að deila, en “leyndarmál” - er einmitt boðskapur ársins í herferð Íslandsstofu, “Ísland allt árið”.

Með því að blása í herlúðra Sunnlendinga samtímis, er mögulegt að ná samlegð milli verkefna.

Og hvað á svo að gera ? Raunar eru engin takmörk á því og hver og einn tekur þátt á eigin forsendum, hér koma nokkur dæmi til að örva hugmyndaflugið: Tíboð á veitingastöðum og sérmatseðlar – tveir fyrir einn í gistingu – ókeypis í sund – listsýningar – tónleikar – skemmtanir – tilboð á sunnlenskum vörum – lengdur opnunartími – ókeypis í strætó – tilboð í affpreygingu – bíóvika – afsláttur í Herjólf og svona mætti lengi telja.

SASS ber ábyrgð á markaðsherferð og sameiginlegum auglýsingum.

Verkefnisstjóri er Þórarinn Egill Sveinsson [thorarinn@sudurland.is](mailto:thorarinn@sudurland.is) sími 482 8200.

Eftirtaldir tengiliðir á hinum ýmsu svæðum taka á móti hugmyndum og skráningum.

Forskráning er hafin. Sendið inn skilaboð sem fyrst ef þið viljið vera með, síðan má taka tíma í að útfæra hugmyndir nánar.

SASS: [thorarinn@sudurland.is](mailto:thorarinn@sudurland.is)

Kynningarfulltrúi: [mhh@sudurland.is](mailto:mhh@sudurland.is)

Markaðsstofa Suðurlands: [south@south.is](mailto:south@south.is)

Uppsveitir Árnassýslu: [asborg@ismennt.is](mailto:asborg@ismennt.is)

Vík: [eirikur@vik.is](mailto:eirikur@vik.is)

Hornafjörður: [fanney@sudurland.is](mailto:fanney@sudurland.is)

Upplýsingamiðstöð Suðurlands: [tourinfo@hveragerdi.is](mailto:tourinfo@hveragerdi.is)

Háskólafélag Suðurlands/Matis: [ingunn@matis.is](mailto:ingunn@matis.is)





Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið í **mars og apríl** sem hér segir:

**Föstudaga kl. 17.00 til 20.30.**

**Laugardaga og sunnudaga kl. 12.00 til 20.30.**

**Verið hjartanlega velkomin!  
Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli  
Sími 486-6454/891-7811/661-5935**

**Heimasíða: [www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is)**

**Netfang: [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)**



**LAGNA  
POSTULINN**

**Viðar Magnússon Pípulagningameistari  
Kringlumýri 1 800 Selfoss  
Sími 893-0085 Netf. [vidarm@simnet.is](mailto:vidarm@simnet.is)**

**Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási 480 5300  
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**



# Smárafréttir

FEBRÚAR 2014



## FRÁ AÐALFUNDI

Aðalfundur Smára fór fram í félagsheimilinu á Flúðum 20 janúar síðastliðinn. Venjuleg aðalfundarstörf einkenndu fundinn, reikningar voru lagðir fram og samþykktir samhljóða sem og skýrsla stjórnar.

Kjóra þurfti um 3 menn í aðalstjórn. Ingvar Hjálmarsson og Bára Másdóttir buðu sig fram til áframhaldandi setu og var það samþykkt með lófataki. Í stað Aðalsteins Aðalsteinssonar var kjörin í stjórn Aðalheiður Einarsdóttir og bjóðum við hana velkomna til starfa um leið og við þökkum Aðalsteini fyrir vel unnin störf.

*Stjórn*

### Smára

*Ingvar Hjálmarsson formaður*

*Bára Másdóttir gjaldkeri*

*Lilja Össurardóttir ritari*

*Hulda Hrönn Stefánsdóttir varaform.*

*Aðalheiður Einarsdóttir meðstjórn.*

*Hæst dæmda kynbótahross í eigu Smárafélaga var að þessu sinni **Sif frá Helgastöðum 2.***

***Hæsti dómur 2013** Sköpulag 7,83 Hæfileikar 8,85 Aðaleinkunn 8,44*

***Eigendur 2013** : Loftur S. Magnússon 75 % og Þorsteinn G. Þorsteinsson 25%*



**Blæsbikarinn** er afhentur þeim félagsmanni er þykir hafa staðið uppúr hvað varðar árangur jafnt og faglegrar framkomu á síðasta ári.

Blæsbikarinn hlaut að þessu sinni **Ólafur Ásgeirsson.**

## NEFNDARSKIPAN 2014

### ÆSKULÝÐSNEFND

Meike Witt

Ragnar S. Geirsson,

Sigurður Unnar Sigurðsson

Bjarni Birgisson,

Guðbjörg Jóhannsdóttir

### MÓTANEFND

Guðríður Eva Þórarinsdóttir

Vilmundur Jónsson

Björgvin Ólafsson

Björgvin Viðar Jónsson

Ragnhildur Stefanía Eyþórsdóttir

Sigurbjörg Bára Björnsdóttir

### FJÁRÖFLUNARNEFND

Rosemarie Þorleifsdóttir

Ragnheiður Ó. Guðmundsdóttir

Guðjón Hrafn Sigurðarson

Guðjón Örn Sigurðsson

Svala Bjarnadóttir



### ÚTREIÐANEFND

Loftur S. Magnússon

Magnús Víðir Guðmundsson

### VALLARNEFND

Sigfús Guðmundsson

Jökull Helgason

### FULLTRÚI Í FRAMKVÆMDANEFND

#### UPPSVEITADEILDAR

Hermann Þór Karlsson, Efri-Brúnavöllum

#### FULLTRÚAR Í STJÓRN

#### REIÐHALLARINNAR Á FLÚÐUM

Helgi Kjartansson, Flúðum – Framkv.stjóri

Sigurður H. Jónsson, Skollagróf—Gjaldkeri

*Ef einhverjir hafa áhuga á að starfa með okkur í vetur eða koma með ábendingar af einhverjum toga hvetjum við ykkur til að hafa samband á [smari@smari.is](mailto:smari@smari.is)*

### ÞAÐ SEM M.A. ER FRAMUNDAN :

15 FEB 1 VETRARMÓT

21 FEB FJÓRGANGUR UPPSVEITADEILD

8 MARS UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

15 MARS 2 VETRARMÓT

28 MARS FIMMGANGUR

#### UPPSVEITADEILD

5 APRÍL 3 VETRARMÓT

APRÍL ÆSKAN OG HESTURINN

16 APRÍL SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT SMÁRA, LOGA OG TRAUSTA

19 APRÍL UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

25 APRÍL TÖLT OG SKEIÐ

#### UPPSVEITADEILD

1 MAÍ FIRMAKEPPNI

MAÍ HESTHEIMAFERÐ

4 MAÍ UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

MAÍ/JÚNÍ BYRJENDANÁMSKEIÐ FYRIR

BÖRN

22 JÚNÍ BROKK OG SKOKK

ÁGÚST SUMARBÚÐIR SMÁRA

#### SEPT/OKT HAUSTFERÐ ÆSKULÝÐSNEFNDA

*ATH. Alla mánudaga frá 17 febrúar til 21 apríl verða reiðnámskeið fyrir fullorðna í reiðhöllinni og er hún því upptekin frá 17-22*

*Tímatöflu og dagskrá má finna inn á [smari.is](http://smari.is)*

*Fylgist því vel með, atburðir geta færst til eða nýjir komið inn !*

## **FYRSTA VETRARMÓT**

Fyrsta vetrarmót verður laugardaginn **15 febrúar**  
**14.00** á Flúðum.

kl

**Keppt verður í eftirfarandi flokkum :**

- Pollaflakkur (9 ára og yngri)
- Barnaflokkur (10-13 ára)
- Unglingaflokkur (14-17 ára)
- Ungmennaflokkur (18-21 árs)
- Unghrossaflokkur(hross fædd 2009 og 2010)
- 2 flokkur Fullorðnir og 1 flokkur Fullorðnir

**Skráning á staðnum frá 13.00 - 13.45**

Skráningargjald 500.- skráningin, frítt fyrir polla og börn, greiðist á staðnum

**FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND**

**Hæ krakkar!**

Nú er nýja árið að byrja og

Kinverjar kalla þetta ár **Ár Hestsins**. Er ekki upplagt að

bretta upp ermarnar og blása lífi í hestamenskuna nína þegar sólin fer að hækka? Kannski eru sum ykkar búin að taka inn og farin að æfa fyrir Uppsveitadeild Æskunnar? Fyrsta mótið hjá ykkur verður **8.mars**. En svo verður líka margt annað spennandi í boði fyrir ykkur. Við höldum reiðnámskeið fyrir börn og unglinga, förum í Hestheima og ætlum að halda Hestasumarbiúdir"og margt margt fleira!

**Endilega skráið ykkur á Facebook síðu Smáarakrakkar og fylgist með tilkynningum hér í Fréttabréfunum.Og endilega minnið mömmu og pabba á að skrá ykkur í félagið! Það er ÓKEYPIS! Sjáumst hress og kát!**

### **REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA**

Æskulýðsnefnd Smára mun halda námskeið fyrir börn og unglinga dagana 22 og 23 febrúar, 9 mars, 16 mars, 29 og 30 mars í reiðhöllinni á Flúðum.

**Kennari verður Guðrún Magnúsdóttir**

Þeirsem hafa áhuga á að vera með eru beðnir um að skrá sig á smarakrakkar@gmail.com í síðasta lagi 17 febrúar.

**ATH! Í  
UNGHROSSAFLOKKI  
VERÐUR RIÐIÐ Á  
BEINNI BRAUT !!**

**ATH. EKKI POSI  
Á STAÐNUM**





Leikdeild ungmennafélags

Biskupstungna

sýnir gamanleikinn

# Barið í brestina

Sýningarnar eru í Félagsheimilinu Aratungu

- Frum-sýning: Föstudaginn 14. febrúar kl: 20:00  
2. sýning: Sunnudaginn 16. febrúar kl: 20:00  
3. sýning: Miðvikudaginn 19. febrúar kl: 20:00  
4. sýning: Laugardaginn 22. febrúar kl: 20:00  
5. sýning: Sunnudaginn 23. febrúar kl: 16:00  
6. sýning: Miðvikudaginn 26. febrúar kl: 20:00

Upplýsingar í síma 897-8795 og 862-6444

Á undan leiksýningum býður **Café Mika**  
í Reykholti upp á þriggja rétta  
leikhúsmatseðil



Upplýsingar og borðapantanir  
í síma 486-1110 og 896-6450

# Dagur leikskólans

Fimmtudagurinn 6. febrúar er  
Dagur leikskólans.

Af því tilefni halda nemendur  
Undralandsmyndlistarsýningu í  
Samkaupum Strax og mun hún standa  
út febrúar.

Leikskólinn er mennta- og uppeldisstofnun sem skipar mikilvægan  
hlekk í námi hvers einstaklings.

Markmið með Degi leikskólans er:

- .Að gera þegna þjóðfélagsins betur meðvitaða um þýðingu  
leikskóla fyrir börn.
  - .Að skapa jákvæða ímynd um leikskólakennslu og auka áhuga  
fólks á starfinu.
  - .Að beina athygli þjóðarinnar að  
stöðu leikskólans, gildi hans fyrir  
menningu og þjóðarauð.
- Ungu listamennirnir verða með  
sýninguna opna út febrúar, þeir  
sem vilja kynnst listamönnunum



og  
störfum  
þeirra enn frekar eru velkomnir í  
heimsókn í Undralandið okkar alla  
virka daga milli átta og fjögur.  
Nemendur og starfsfólk  
Undralands

Auglýsing frá Hrunaprestakalli

Bíbliulestur

Til stendur að bjóða upp á bíbliulestra í prestakallinu og raunar með samstarfi við fleiri prestaköll í prófastsdæminu.

Tekin verða sex skipti og lesnir valdir kaflar úr bíbliunni, efni þeirra og sögulegt samhengi skoðað og rætt.

Reiknað er með að stundirnar verði í safnaðarheimili Hrunakirkju á miðvikudögum kl.20:30 og hefjist 19.feb. nk. ef næg þáttaka fæst.

Nánari upplýsingar og/eða tilkynning um þátttöku í síma 864-0802 eða á netfang [srerik@ismennt.is](mailto:srerik@ismennt.is).

Sóknarprestur.



## Gistiheimilið Flúðum—Grund

Ný símanúmer

565 9196 og 896 1286

[gamlagrund@simnet.is](mailto:gamlagrund@simnet.is) [www.gistingfludir.is](http://www.gistingfludir.is)



## Flúðaleið ehf

Landflutningar  
SAMSKIP

### Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

# Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna 2014

Verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna  
mánudaginn 17. febrúar kl. 20,30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
  2. Skýrsla stjórnar og reikningar.
  3. Árgjald
  4. Samningur við Hrunamannahrepp.
  5. Kosningar, allir gefa kost á sér áfram.
  6. Kaffi og myndasýning frá starfinu, Sigurður H. Magnússon.
- Erindi: Landbúnaður og umhverfi, Björn Helgi Barkarson starfsmaður umhverfissráðuneytis fjallar um margþætt áhrif landbúnaðar á umhverfið með tenginu við beit og uppgræðslu.  
Önnur mál.

Allir eru velkomnir. Nýir félagar eru velkomnir í hópinn og geta gengið í félagið á fundinum.

Stjórnin.



## Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir

**Upplit**

Menningarklasí uppsveita Árnessýslu

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími hreppsskrifstofu.*

*Mánudaga til föstudaga:*

*09:00-12:00 og 13:00-16:00*



## Tækjasalur í íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga kl: 16:00-21:30.

Föstudaga kl: 13:00-18:00

Um helgar er opið á laugardögum frá kl:12:00-15:00,  
þegar mót eru í gangi.

### **Sundlaugin á Flúðum.**

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



### VIOLA snyrtistofa

#### Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



*„Minni á áður auglýstan deildafund Sláturfélags Suðurlands þann  
26. febrúar n.k. kl.20.30, í Félagsheimili Hrunamanna*

*Flúðum.“ Veitingar í boði félagsins.*

*Vonast til að sjá ykkur sem flest. Kv. Jóhanna Hrafnkelsstöðum*

# Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opið alla daga vikunnar

[www.fontana.is](http://www.fontana.is)



LAUGARVATN

**fontana**

Höfuðland frá landnámi

## AFMÆLI—AFMÆLI!!

Í tilefni 50 ára afmælis okkar bræðra, verður opið hús í skemmuni á Ísabakka

laugardaginn 15. febrúar kl: 20:00

Hlýlegur klæðnaður

(lopapeysupartý:)

Hlökkum til að sjá ykkur:)

Agnar og Kjartan



## Matarsmiðjan!

Föstudaginn 24.janúar sl. var undirritaður nýr samningur Matis og sveitarfélagananna Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps um áframhaldandi samstarf í þágu matarsmiðjunnar á Flúðum.

Um svipað leiti voru kynnt áform um að keyra í gegnum smiðjuna nokkur nýsköpunarverkefni í tengslum við formennsku áætlun Íslands í Norrænu Ráðherranefndinni. Opið verður fyrir umsóknir inná heimasíðu Matis [www.matis.is](http://www.matis.is) og eru allir sem hafa áhugaverðar hugmyndir í vörupróun matvæla hvattir til sækja um. Fyrir nánari upplýsingar er líka velkomið að hafa samband við Ingunni, umsjónarmann matarsmiðjunnar hjá [ingunn@matris.is](mailto:ingunn@matris.is) eða í síma: 858-5069


## ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14

  
**Vöndull**  
FLUTNINGAÞJÓUSTA  
Sími 858 1580  
[vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)



Ferðir alla virka daga milli  
Reykjavíkur, Hveragerðis,  
Þorlákshafnar, Eyrarbakka,  
Stökkseyrar, Selfoss,  
Hellu, Hvolsvallar og  
**DREIFBÝLIS Í ÁRNESSÝLU**

**Nesfrakt**  
Héðinsgötu 1-3 - Rvk.  
Sími 533 2211

**Samkaup** strax

**Opnunartími Versl. Strax.**

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-18:00
<b>Sunnudaga</b>	11:00-17:00

Verið velkomin.  
Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.  
Sími 486 6633

**Óskum eftir starfsfólki í sumarvinnu við  
almenn afgreiðslustörf.  
Helst ekki yngri en 18 ára.  
Æskilegt að umsækjandi sé reyklauss og reglusamur.**

Upplýsingar í síma 7745437,  
fludir@samkaup.is og á samkaup.is

[fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is)

**Flutningaþjónusta Unnars**



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Hrunamenn eignuðust á dögunum tvo Íslandsmeistarar, Mána Snæ í 800m hlaupi 12 ára og Unu Bóel í kúluvarpi 11 ára. Hér má sjá hluta hópsins, sem æfir frjálssar á vegum UMFH og fór á MÍ í frjálsum 11-14 ára, ásamt þjálfara sínum.

